

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2016 vegna hagræðingaraðgerða

Lagt er til að hagræðing í samþykktri fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2016 verði útfærð með eftirfarandi hætti:

Íþrótta- og tómstundasvið

Íþrótta- og tómstundasvið		ÍTR
Endurmat á tekjum vegna gjaldskrárbreytinga		9.000
Endurmat á tekjum vegna aukinnar veltu í sundlaugum og tjaldstæðum		13.285
Hagræðing á miðlægum liðum		14.403
Hagræðing í rekstri Fjölskyldu og húsdýragarðsins	JM	9.500
Hagræðing í rekstri Hins hússins	JM	9.500
Endurskoðun á framlögum til Skíðasvæðanna		4.000
Endurskoðun styrkja		54.000
Endurskoðun á greiðslu umsýslugjalda vegna frístundakorts		4.000
Endurskoðun á dagskrá 17. júní		5.000
Uppsögn á húsnæði - lækkun á innri leigu		5.000
Samtals ÍTR		127.688

Í tillögunni felst að einkum er dregið úr miðlægum útgjöldum, styrkir eru endurskoðaðir vegna valinna liða, dregið er úr útgjöldum hjá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og Hinu húsinu, en staðinn er vörður um rekstur sundlauga og íþróttamannvirkja.

Greinargerð:

Í hagræðingartillögum ÍTR er gerð grein fyrir því hvernig sviðið muni lækka útgjöld um 127,7 mkr á árinu 2016. Áætlað er að tekjur hjá sviðinu hækki um 22,3 mkr. Því verður náð með hækkun á gjaldskrá tjaldsæðanna, aukningu gesta í sundlaugar og hækkana á gjaldskrá sundlauganna. Hagræðing á miðlægum liðum hjá sviðinu er 5%. Hagrætt verður á skrifstofu ÍTR og íþrótta og

tómstundaráði svo sem vegna fræðslu, rannsókna, menningartengdrar starfsemi og annars sameiginlegs kostnaðar á sviðinu. Jafnframt mun atvinnu- og veikindapottur sviðsins lækka.

Fjölskyldu og húsdýragarðurinn og Hitt húsið munu hagræða um 2,5% af kostnaði eða 9,5 mkr hvor starfstaður. Tillaga í SSH var samþykkt um að samningur við skíðasvæðin verði ekki verðbættur.

Styrkir sviðsins lækka um 54 mkr, þar vegur þyngst lækkun á byggingar- og viðhaldsstyrkjum til félaga. Þá lækka styrkir vegna afreksmiðstöðvar, landsliðsæfinga, skákfélaga, 16+ verkefna, styrkja ráðsins og hjólagarðs í Skálafelli. Umsýslugjald vegna skráningu félaga og fyrirtækja inn í frístundarkortskerfið verði hætt.

Dregið verður úr dagskrá á 17. júní og sagt upp húsnæði sem kemur til lækkunar á innri leigu í Skerjafirði og Leirdal.

Samningsaðilar Reykjavíkurborgar og ÍBR f.h. íþróttafélaganna eru sammála um að framlengja samning þeirra á milli sem rann út 31. desember s.l. Samningurinn mun verða framlengdur um eitt ár. Samningurinn er í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016. Á árinu 2016 munu ÍBR og ÍTR fara yfir áhersluatriði félaganna vegna samstarfssamnings til lengri tíma og stefnumótun ÍBR og Reykjavíkurborgar. Niðurstöður þeirrar vinnu skal liggja fyrir tímanlega fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2017.

Gert er ráð fyrir að framkvæmd tillögunnar náist að öllu leiti á árinu 2016.

Menningar- og ferðamálasvið

Menningar- og ferðamálasvið		MOF
Miðlægt		
Hætt við ráðningu í nýtt stöðugildi á skrifstofu		6.500
Dregið úr sameiginlegum kostnaði og ófyrirséðum lið		5.000
Dregið úr áherslum á nýmiðlun		5.000
Dregið úr aðgerðum vegna menningarstefnu og barnamenningar		5.000
Dregið úr aðgerðum vegna ferðamálastefnu		15.000
Stofnanir + styrkir		
Lækkun á úthlutun styrkja 2016		12.000
Endurmat á tekjum vegna aukinnar veltu af aðgangseyri		2.000
Endurmat á tekjum vegna aukinnar veltu og framlegðar í safnbúðum		4.411
Dregið úr sýningum og viðburðum/hátíðum	JM	6.000
Dregið saman í launakostnaði		11.950
Samtals MOF		72.861

Í tillögunni felst að einkum er dregið úr miðlægum útgjöldum, styrkir eru lækkaðir, dregið er úr útgjöldum vegna sýninga og viðburða, en staðinn er vörður um rekstur menningarstofnana borgarinnar. Gert er ráð fyrir að tekjur aukist einkum vegna fjölgunar ferðamanna.

Greinargerð:

Í hagræðingartillögunum er gert ráð fyrir að ekki verði ráðið í a.m.k. tvö laus stöðugildi. Dregið verði úr hátíðum, viðburðum og sýningum hjá menningarstofnunum eða þeim frestað að hluta. Ennfremur mun innleiðing ferðamálastefnu borgarinnar óhjákvæmilega tefjast. Tekjuáætlun sviðsins endurspeglar væntingar um fjölgun ferðamanna og taka áform um söluaukningu í safnbúðum mið af því en um leið krefst það markvissra aðgerða og kynningarstarfs. Almennt mun fjölgun ferðamanna

standa að mestu undir áætlunum um vöxt tekna á sviðinu.

Gert er ráð fyrir að framkvæmd tillögunnar náist öll á árinu 2016.

Skóla og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið		SFS
Lækkun á kostnaði við upplýsingatækni		40.000
Endurskoðun á miðlægrri þjónustu		80.500
Endurskoðun á mótuneytisþjónustu		70.000
Hagkvæmari innkaup		25.645
Orkusparnaður		20.000
Breytt fyrirkomulag sundkennslu á unglíngastigi	JM	25.000
Frestun á lækkun leikskólagjalda		120.000
Minni fjarvistir með heilsueflingu		20.000
Samnýting á húsnæði grunnskóla og frístundaheimila		45.000
Samlegð í rekstri og þjónustu starfsstöðva		95.000
Sérkennsla og stuðningur	JM	80.000
Ýmis verkefni og styrkir	JM	88.855
Fjárheimild vegna flýtingar á inntöku yngstu barna í leikskóla		-40.000
Samtals SFS		670.000

Í tillögunni flest að einkum er dregið úr miðlægum útgjöldum og kostnaður vegna húsnæðis og mótuneyta lækkaður. Þá er dregið úr styrkveitingum og dregið úr umfangi tiltekinna viðburða. Einnig eru samningar við sjálfstæðar stofnanir endurskoðaðir. Staðinn er vörður um framboð frístundastarfs og grunnþjónustu í leik- og grunnskóla.

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að endurskoðun á UT þjónustu skili 40 mkr hagræðingu. Endurskoðun á miðlægrri þjónustu og markviss ráðningarrýni á að skila rúmlega 80 mkr hagræðingu. Samræma á matseðla, leita útboða í ríkari mæli, efla samstarf á hverfagrunni og útvistun í mótuneytum og ná þannig 70 mkr hagræðingu. Dregið verður úr innkaupum og leitað leiða til að ná hagstæðum samningum um stærri innkaup á ýmsum rekstrarliðum á öllum starfsstöðvum. Stefnt er að því að ná hagræði í orkukaupum með því að fækka fermetrum í notkun, markvissari rekstri og umgengni um orkugjafa. Fyrirkomulagi sundkennslu verði breytt á unglíngastigi þannig að þegar nemendur hafa náð hæfniviðmiðum grunnskóla verði þátttaka í sundi valkvæð á móti öðrum skólaíþróttum. Frestað verður lækkun leikskólagjalda um 120 milljónir. Með aukinni eftirfylgni, hvatningu og stuðningi við heilsueflandi átak og viðverustefnu Reykjavíkurborgar minnki fjarvistir og þar til heyrandi kostnaður vegna skammtíma og langtíma afleysinga. Samnýting húsnæðis grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva á að skila 45 mkr hagræðingu. Skoðuð verður ítarlega samlegðartækifæri í rekstri og þjónustu starfsstöðva SFS vegna breytinga í íbúasamsetningu og fjölda þjónustuþega á einstökum starfsstöðvum. Breytt verður starfsaðferðum í stuðningi og sérkennslu í leikskólum til þess að aðlaga þennan þátt þjónustunnar að breytingum í hópi þjónustuþega. Dregið verður úr styrkjum og umfangi nokkurra verkefna sem SFS kemur að og tilteknir samningar við sjálfstæðar stofnanir verða endurskoðaðir með hliðsjón af uppgjöri eldri samninga.

Umhverfis- og skipulagssvið

Umhverfis- og skipulagssvið		USK
Endurmat á tekjum vegna aukinnar veltu og umsvifa		60.000

Ekki verði ráðið í ómannaðar stöður		37.000
Hagræðing í miðlægri þjónustu		10.500
Hverfaskipulag		10.000
Hagræðing hjá skrifstofu umhverfisgæða og heilbrigðiseftirliti		13.100
Hagræðing hjá skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins		9.159
Hagræðing í rekstri gatna og opinna svæða	JM	12.700
Hagræðing í viðhaldi gatna og opinna svæða		20.000
Samtals USK		172.459

Í tillögunni felst að einkum er dregið úr miðlægum útgjöldum, ekki verður ráðið í ómannaðar stöður á skrifstofum sviðsins, hægt er á vinnu við hverfaskipulag, dregið er úr útgjöldum vegna reksturs gatna og viðhald opinna svæða. Gert er ráð fyrir að tekjur aukist vegna aukinna umsvifa í skipulags- og byggingamálum.

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að aukin umsvif í framkvæmdum gefi byggingafultrúa 15 mkr í auknar tekjur og að nýir gjaldliðir í gjaldskrá gefi 35 mkr. Þá er gert ráð fyrir að ný gjaldskrá um afnot af borgarlandinu (framkvæmdaheimildir) auki tekjur um 10 mkr. Gert er ráð fyrir að leggja niður starf skrifstofustjóra bygginga, skipulags og borgarhönnunar og í stöðu lögfræðings hjá byggingarfulltrúa og starfsmanns í eftirlit verði ráðið í eitt starf sérfræðings og verkefni sameinuð. Þá er gert ráð fyrir að leggja niður tvær stöður þjónustufulltrúa í fasteignahluta hverfastöðva. Í miðlægri þjónustu og á skrifstofu umhverfisgæða er einkum dregið út kaupum á sérfræðiþjónustu, kynningarstarfsemi, auglýsingum, ferðakostnaði, kostnaði við aðalskipulag og endurnýjun á áhöldum og tækjum. Á skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins er einkum dregið út kostnaði við búfjáreftilit þar sem verkefnið hefur flust að hluta til ríkisins, hægt á stígagerð í útmörkinni, ásamt því að hagræða í bílafloata þjónustu- og hverfastöðva. Í rekstri gatna og opinna svæða verður hætt að þrifa veggjakrot fyrir þriðja aðila, breyting á verklagi við vorhreinsun gatna og endurskipulagningu á ýmsum viðburðum. Í viðhaldi gatna og opinna svæða verður dregið út viðhaldi reiðstíga, umferðarljósa og umferðarmerkja.

Velferðarsvið

Velferðarsvið		VEL
Endurmat fjárhagsaðstoðar		200.000
Endurskipulagning á þjónustu		90.000
Hagræðing í rekstri miðlegrar skrifstofu og rekstri þjónustumiðstöðva		122.000
Samtals VEL		412.000

Í tillögunni felst að einkum er dregið úr miðlægum útgjöldum, fjárhagsaðstoð er lækkuð vegna minnkandi atvinnuleysis og árangurs af virkniverkefnum og unnið að endurskipulagningu á þjónustunni.

Greinargerð:

Samkvæmt tillögu er gert ráð fyrir að markvisst verði unnið að fækkun fólks á fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg. Með samstarfi við m.a. Vinnumálastofnun verður lögð áhersla á að finna fólki störf við hæfi með notendasamráði, t.d. með notkun á matstækinu „Eigið mat á starfsgetu“ EMS.

Lagt er til að þjónusta sviðsins verði endurskipulögð og meðal annars skoðað hvort ná megi meiri samþættingu í vesturhluta borgarinnar og bættri nýtingu húsnæðis. Þá gerir tillagan ráð fyrir að framkvæmdastjórum og skrifstofustjórum í samvinnu við starfsfólk sviðsins verði falið að vinna að

lausnum sem hafa það að markmiði að einfalda skipulag sviðsins og samþætta stjórnunarlega ábyrgð eins og unnt er.

Miðlæg stjórnýsla, eignasjóður og sameiginlegur kostnaður

Miðlæg stjórnýsla, eignasjóður og sameiginlegur kostnaður	MLS
Skrifstofa þjónustu og reksturs	60.000
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	36.600
Skrifstofa borgarstjórnar	13.700
Fjármálaskrifstofa	15.009
Önnur útgjöld - endurmat á launa og starfsmannakostnaði	174.768
Önnur útgjöld – atvinnumál	75.000
Önnur útgjöld - aðrir liðir	28.000
Eignasjóður - sölu fasteigna flýtt	89.397
Eignasjóður - uppsögn leigusamninga	24.962
Samtals miðlæg stjórnýsla	517.436

Í tillögunni felst að einkum er dregið úr útgjöldum á skrifstofu þjónustu og reksturs, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu borgarstjórnar og fjármálaskrifstofu. Gert er ráð fyrir að endurmat á sameiginlegum launa og starfsmannakostnaði skili lækkun útgjalda og dregið er úr útgjöldum til atvinnumála vegna árangurs í ráðgjöf og betri stöðu á vinnumarkaði. Þá er gert ráð fyrir að sala á fasteignum skili sér í lægri rekstrarkostnaði Eignasjóðs og söluhagnaður verði af fasteignum.

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir breytingum á vettvangsþjónustu og rekstri UTD sem fela í sér að brugðist er við sveiflum í þjónustubörf með aukinni notkun verktaka á álagstímum. Þá er lögð áhersla á faglega stjórnun verkefna með blöndu af aðkeyptri vinnu og vinnu sérfræðinga deildarinnar. Þá er gert ráð fyrir hagræðingu í húsnæðiskostnaði, samræmingu á hús- og öryggisvörslu stjórnýsluhúsanna, og leitað verður leiða til að hagræða í fleiri einingum þjónustudeildar. Einnig er ráðningu í lausa stöðu í skjaladeild frestað og sömuleiðis stöðu á skrifstofu þjónustu og reksturs.

Starf erindreka er lagt niður og þjónustu við stjórnkerfis og lýðræðisráð deilt á starfsfólk skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Hagrætt verði í veitingu mannauðsþjónustu ráðhúss og lagt niður stöðugildi í atvinnumálum á mannauðsdeild. Þá verður ráðningum í laus stöðugildi á upplýsinga og vefdeild og tölfraði og greiningu frestað um óákveðinn tíma.

Gerðar verði breytingar á þjónustu skrifstofu borgarstjórnar sem fela m.a. í sér að dregið er úr kostnaði við ferðir, dagpeninga, spjaldtölvur og fleira. Þá er óvissuliður til að mæta biðlaunum og veikindalaunum lækkaður.

Á fjármálaskrifstofu er gert ráð fyrir að unnt sé að hagræða í húsnæðiskostnaði, að launakostnaður lækki vegna endurskipulagningar á störfum og að dregið verði úr kostnaði við Agresso fjárhagsbókhaldskerfið.

Rýning á áætluðum launa og starfsmannakostnaði leiðir fram að þessi útgjöld hafa verið ofáætluð um 174,8 mkr þannig að unnt er að lækka fjárheimildina um sömu fjárhæð.

Með batnandi atvinnuástandi hefur þörf fyrir atvinnuúrræði dregist saman, því er lagt til að atvinnumálapottur verði lækkaður um 75 milljónir.

Gert er ráð fyrir að sölu fasteigna verði flýtt. Við það sparast rekstrarkostnaður í eignasjóði. Þá er gert ráð fyrir að leigusamningum við þriðja aðila verði sagt upp sem hefur í för með sér sparnað sem nemur samtals 24,9 mkr.

Mannréttindaskrifstofa		MAR
Hagræðing í rekstri skrifstofu og mannréttindaráðs		3.653
Lækkun styrkja		207
Hagræðing í þjónustu		978
Samtals VEL		4.838

Í tillöggunni felst að einkum er dregið úr miðlægum útgjöldum styrkir eru endurskoðaðir og leitað hagræðingar í þjónustu mannréttindaskrifstofu.

Tímasett aðgerðaráætlun og jafnréttismat

Sviðsstjórum er falið að útfæra tillögur sviðsins nánar og setja fram tímasetta aðgerðaráætlun þar sem fram komi áfangaskipt fjárhagsleg markmið og mælikvarðar sem unnt verður að fylgjast með reglubundið. Þá er sviðsstjórum falið að gera jafnréttismat á völdum tillögum, þ.e. þeim tillögum sem merktar eru sérstaklega með skammstöfuninni JM. Tímasett aðgerðaráætlun, markmið og mælikvarðar ásamt jafnréttismati verði skilað til borgarstjóra fyrir 15. febrúar nk. Aðgerðirnar taki mið af niðurstöðum jafnréttismats. Gera skal grein fyrir framvindu hagræðingar ársfjórðungslega.

Frágangur

Fjármálastjóra verði falið að útfæra tillöguna niður á kostnaðarstaði í samráði við fagsvið og miðlæga stjórnslu.

Áhrif á rekstur og sjóðstreymi A-hluta og samstæðu

Tillagan felur í sér útfærslu á hagræðingu sem nemur samtals 1.780 mkr þegar tekið hefur verið tillit til milliviðskipta innan A-hluta og hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða sjóðstreymi A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson